

Fundur fjallskiladeildar Saurbæjar

Fundur haldinn fimmtudaginn 14. apríl 2025 kl. 20:00 í Tjarnarlundi.

Mætt voru: Þórunn Elva Þórðardóttir, *formaður fjallskilanefndar*, Jón Ingi Ólafsson í *fjallskilanefnd*, Steinþór Logi Arnarsson í *fjallskilanefnd*, Arnar Eysteinnsson, Bjarki Reynisson, Hermann Karlsson, Guðmundur Gunnarsson og Þorbjörn Gerðar.

Dagskrá fundarins:

1. Breytingar á fjallskilasamþykkt fyrir sveitarfélagið Dalabyggð
2. Leitir og réttir haustið 2025
3. Önnur mál

1. Breytingar á fjallskilasamþykkt fyrir sveitarfélagið Dalabyggð

Rætt um það að bændum sé heimilt að höfðu samráði við hlutaðeigandi aðila að sleppa fé eftir fyrri leit enda brýtur það ekki í bága við fjallskilasamþykktina.

Lagt til að í 15. grein um meðfarir línubrjóta bætist við að eiganda skuli tilkynnt um línubrjóta þegar þeir eru handsamað og auðkendirt þó í kjölfarið sé farið eftir stjórnvaldsfyrirmælum hverju sinni um framhaldið.

Leitað álitu hvort ástæða sé til að halda 34. og 35. grein í fjallskilasamþykkt enda er lausaganga stórgripa í Dalabyggð bönnuð skv. 5. grein samþykktar um búfjárhald í Dalabyggð frá 2015.

Að öðru leyti eru ekki gerðar athugasemdir við þá fjallskilasamþykkt sem hefur farið í gegnum fyrstu umræðu í sveitarstjórn 10. apríl 2025.

2. Leitir og réttir haustið 2025

Rætt um tímasetningu leita og rétta haustið 2025 burtséð frá hvort ný fjallskilasamþykkt hafi tekið gildi eða ekki enda gefa gildandi samþykkt rými til frávika frá tímasetningu um viku.

Atkvæði greidd um tvo kosti, leitardag skv. gildandi samþykkt eða viku fyrr eins og lagt er til í uppfærðri samþykkt. Fjallskilanefnd falið fylgja niðurstöðunni eftir enda þurfi samstöðu og samræmi á milli fjallskiladeilda sem eiga hlut að máli.

13. sep og seinni leit tveimur vikum síðar – 4 atkvæði

20. sep og seinni leit tveimur vikum síðar – 2 atkvæði

2 sitja hjá

3. Önnur mál

Því beint til fjallskilanefndar að uppfæra kostnað við dagsverk

Fleira ekki gert eða rætt og fundi slitið 23:10